

Fagráð í hrossarækt

66. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudaginn 16. janúar 2014 klukkan 10:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Elvar Einarsson, Hulda Gústafsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir, Vignir Siggeirsson og Þorvaldur Kristjánsson. Baldvin Ari Guðlaugsson hafði tilkynnt forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 65 frá 17. desember 2013 til samþykktar og undirritunar.
 2. Störf fagráðs.
 3. Yfirferð mála frá fyrri fundi.
 4. Fundarferð formanns og framkvæmdarstjóra.
 5. Verklag fagráðs við staðfestingu fundargerða, umræðu mála milli funda o.fl.
 6. Önnur mál.
-
1. **Fundarsetning.** Sveinn Steinarsson nýr formaður fagráðs setur fundinn og býður nýja fagráðsfulltrúa velkomna til starfa en þeir eru Þorvaldur Kristjánsson sem er tilnefndur af Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Hólum og situr í fagráði fyrir hönd Bændasamtaka Íslands, Elvar Einarsson tilnendur af Félagi tamningamanna og Hulda Gústafsdóttir tilnefnd af Landsambandi hestamannafélaga en þau sitja í fagráði fyrir hönd Félags hrossabænda. Jafnframt eru fráfaramandi fagráðsmönnum þökkuð þeirra störf á vettvangi fagráðs. Lögð var fram fundargerð nr. 65 frá 17. desember 2013 til samþykktar og undirritunar og var hún samþykkt.
 2. **Störf fagráðs.** Þar sem mikil mannaskipti eru nú í fagráði er lögð er fram samantekt Elíasar Blöndal lögfræðings Bændasamtaka Íslands um hlutverk og verkefni fagráðs. Í kjölfarið skiptir nýtt fagráð með sér verkum. Sveinn Steinarsson formaður FHb. er kosinn formaður, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML er ritari. Jafnframt er ákveðið að fagráð velji sér varaformann þó að það hafi ekki tíðkast áður og er Vignir Siggeirsson kjörinn varaformaður fagráðs í hrossarækt.
 3. **Yfirferð ýmsra mála frá síðasta fundi.** Til upplýsingar fyrir nýja fagráðsmenn er farið yfir ýmis mál er rædd voru á síðasta fundi ráðsins í desember.
 - a. *Lágmörk kynbótahrossa.* Á 65. fundi fagráðs í desember voru samþykkt lágmörk fyrir einstaklingssýningar kynbótahrossa fyrir landsmót 2014 en fagráð hafði áður fjallað um málið í október 2013. Eru nú í fyrsta sinn sett fram mismunandi lágmörk fyrir klárhross og alhliða hross. Almennt sýnist mönnum að ánægja sé með þessa nýbreytni enda hafa margir gagnrýnt eldra

fyrirkomulag á þeirri forsendu að klárhross hafi ekki haft sama tækifæri og alhliða hross er kemur að þátttöku í landsmóti. Áhugavert verður að sjá hvernig þetta kemur út varðandi samsetningu kynbótahrossa á landsmóti 2014.

- b. *Kynbótasýningaráætlun sumarsins 2014 og sýningargjöld.* Á 65. fundi fagráðs í desember síðastliðnum var lögð fram áætlun um kynbótasýningar fyrir næsta sumar, tillaga að sýningargjöldum og jafnframt var samþykkt sú regla að lágmarksfjöldi skráðra hrossa á sýningu, til þess að hún verði haldin, verði 30 hross. Nokkur umræða skapaðist um áætlunina, sýningargjöldin og lágmarksregluna og hvaða áhrif hún gæti haft á sýningar sumarsins. Farið var yfir forsendur hækkunar út frá uppgjöri síðasta árs og einnig mikilvægi þess að gera mönnum auðveldara að fylgjast með hversu margar skráningar væru komnar á sýningar sem og að flytja hross á milli sýninga ef til þess kæmi að sýning sem menn hefðu skráð hross á yrðu felldar niður vegna ónógrar þátttöku. Fagráð beinir þeim tilmælum til framkvæmdaaðila kynbótasýninga að skoða hvort hægt sé að auðvelda mönnum að flytja hross á milli sýninga og hvort hægt sé að gera skráningar þannig úr garði að við skráningu fái menn upplýsingar um það hversu mörg hross séu nú þegar skráð á viðkomandi sýningu. Ítrekað að mikilvægt sé að skoða til fullnustu möguleika á hagræðingu og sparnaði í rekstri kynbótasýninga.
- c. *Framkvæmd kynbótasýninga og stöðlun sýningaraðstæðna.* Á 65. fundi fagráðs í desember síðastliðnum var tekin fyrir ályktun frá aðalfundi Félags hrossabænda um mikilvægi þess að fagráð standi vörð um framkvæmd kynbótasýninga, að stöðlun sýningaraðstæðna sé hin sama héraðs og erlendis og að reynt verði að koma fram með tillögur sem miði að því að ráða bót á meintu misræmi í dómum frá einni sýningu til annarrar svo ekki leiki vafi á trúverðugleika dóma sem fara inn í Worldfeng. Þessu máli hefur verið haldið á lofti af fulltrúum Íslands á vettvangi FEIF og verða framkvæmd dómstarfa og dómur sérstaklega tekin fyrir á samræmingarnámskeiði FEIF sem haldið verður seinna í vetur. Bent er á að mikilvægt sé einnig að skoða samræmingu m.t.t. vallaraðstæðna, s.s. hæð á grindverkum og annað slíkt. Á aðalfundi FEIF sem haldinn verður hér á landi 7.-9. febrúar næstkomandi verður tekin fyrir tillaga frá ræktunarnefnd FEIF um samræmingu á upplestri einkunna á kynbótasýningum, en munur er á framkvæmd þess milli landa. Fagráð telur að þar sem ekki hafi komið fram tillögur hér á landi um breytingar á tilhögun á upplestri einkunna á kynbótasýningum og að mat fagaðila sé að sú tilhögun sem viðhöfð er hér á landi tryggi góða samræmingu og faglega söfnun gagna, þá verði að leitast við að standa vörð um þá tilhögun á komandi aðalfundi FEIF.
- d. *Vinnu- og siðareglur.* Á 65. fundi fagráðs í desember síðastliðnum voru samþykktar tillögur að vinnu- og siðareglum við kynbótasýningar. Nýjum fagráðsmönnum er kynnt hvaða vinnulag var viðhaft við gerð siðareglna og farið yfir einstaka liði. Fagráð telur mikilvægt að nýta næsta sumar til að meta áhrif tilkomu þessara reglna á sýningahald og hugsanlega þörf fyrir fleiri kynbótadómara.

- e. *Birting áverkaskrár.* Á 65. fundi fagráðs var rætt um heilbrigðisskoðun kynbótahrossa og hvernig bregðast ætti við því að áverkum er sífellt að fjölga þrátt fyrir áróður og umræðu um þessi mál. Rætt er um mikilvægi þess að skoða hlífðarbúnað með hliðsjón af því hvaða búnaður gefi mesta vernd en jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að erfðættir geta haft áhrif á áverkasækni hrossa og því mikilvægt að forðast að búa svo um hnútana að óbeint sé ræktað fyrri meiri áverkasækni. Lögmaður Bændasamtaka Íslands hefur fengið fyrirspurn um hvort heimilt sé að birta lista yfir skráða áverka hjá öllum knöpum sem sýna kynbótahross og það verði þá gert eftir næsta sumar. Verið er að vinna í því máli. Einnig verði næsta sumar reynt að safna gögnum um áverka og hlífðarbúnað, sem hægt verði að vinna úr og hefur RML fengið það verkefni til framkvæmdar. Nokkur umræða skapast um tilhögun áverkaskráningar, hvort það náist að fanga breytileika í áverkum og hvort hún sé samræmd alls staðar, einnig hvort ekki sé vert að safna upplýsingum um beislabúnað líkt og hlífðarbúnað. Ákveðið hefur verið að taka þetta mál til umræðu á vettvangi hestamanna í hringferð formanns og ritara auk þess sem ítrekað er mikilvægi þess að allar greinar hestamenskunnar séu samstíga um það hvernig taka skuli á þessum málum og að það liggi fyrir t.d. hvernig brugðist verði við svona málum á landsmóti í sumar. Fagráð leggur áherslu á að velferð hestsins sé höfð í fyrirrúmi bæði í keppni og sýningu og greinin sameinist um að taka á áverkamálum. Jafnframt er ákveðið að æskilegt sé að taka skráningu á beislabúnaði inn með skráningu á hlífðarbúnaði og að marsfundur fagráðs verði helgaður þessu máli og á þann fund verði kallaðir sérfróðir aðilar til að ræða það.
- f. *Worldfengur, áreiðanleiki skráninga, rafræn eigendaskipti og fleira.* Á 65. fundi fagráðs í desember síðastliðnum voru þessi mál rædd og hversu mikilvægt það er að trúverðugleiki Worldfengs sem upprunaættbókar sé óumdeildur. Í komandi funduferð verði talað fyrir því að menn taki til í Worldfeng og að menn gangi úr skugga um að rétt hross séu skráð í þeirra eigu. Í kjölfarið er rætt um birtingu upplýsinga um keppnisárangur í Worldfeng. Keppnisgögn eru birt í Worldfeng hvort sem um löglegt mót er að ræða eða ekki og jafnvel eru dæmi um að keppnisgögn séu skráð á röng hross. Brýnt er að klára vinnu er lýtur að meðhöndlun keppnisgagna og nýtingu við kynbótamat. Þorvaldur og Elvar taki að sér að kanna stöðu málsins og fylgja því eftir.
- g. *Eiginleikinn þjálni.* Á 65. fundi fagráðs í desember síðastliðnum var samþykkt að reyna að koma þessu verkefni af stað og er rætt um að leita til háskólanna um samstarf hvað það varðar. Þorvaldur tekur að sér að fylgja málinu eftir.

4. **Fundarferð formanns og framkvæmdastjóra.** Sveinn Steinarsson kynnir hugmyndir sínar um að fá fleiri aðila að borðinu í komandi funduferð, til að efla samstöðu og samstarf innan greinarinnar. Margir aðilar gætu komið að því borði en ákveðið er að hann muni ræða sérstaklega við forsvarsmenn LH um aðkomu þeirra að

fundaferð ársins 2014.

5. **Verklag fagráðs við staðfestingu fundargerða, umræðu mála milli funda o.fl.**

Rætt er um mikilvægi þess að fagráð komi sér upp vinnureglum varðandi staðfestingu fundargerða og birtingu eins fljótt og auðið sé eftir hvern fund. Jafnframt sé mikilvægt að koma upp vinnulagi varðandi afgreiðslu mála í gegnum tölvupóst því þær aðstæður geta komið upp að fyrir fagráð komi mál sem mikilvægt er að afgreiða sem fyrst í stað þess að láta þau bíða til næsta fundar. Ákveðið er að fundargerðir skuli sendar rafrænt til fagráðsmanna og verði birtar um leið og allir fagráðsmenn hafi sent svar við hverri fundargerð. Sá fyrirvari sé þó við birtingu að allar fundargerðir fagráðs þurfi að fara fyrir stjórn BÍ áður en bókanir þar öðlist fullt gildi. Jafnframt geti fagráð afgreitt mál í gegnum tölvupóst séu þau þess eðlis að það sé nauðsynlegt enda sé viðkomandi mál fært þá til bókar í fundargerð næsta fundar.

6. **Önnur mál.** Engin slík komu fram.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 15:00.

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Ritari fagráðs í hrossarækt